

Alþingi  
Erindi nr. P 127/2218  
komudagur 30.5.2002

Til Landbúnaðarnefndar Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. maí 2002

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um verndun íslensku mjólkurkýrinnar.**

Þskj. 1093 - 677. mál 127. löggjafarþing 2001-2002


Forystufjarræktarfélag Íslands þakkar bréf Landbúnaðarnefndar Alþingis dags. 6. maí 2002 með beiðni um umsögn um framangreint mál.

Félagið telur mjög tímabært að landbúnaðarráðherra komi á fót sérstakri áætlun um vernd íslensku mjólkurkýrinnar jafnframt endurskoðun laga um innflutning búfjár í takt við auknar kröfur á alþjóðavettvangi um verndun erfðaefnis búfjár. Samkvæmt upplýsingum frá Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna er um þriðjungur hinna 5000 búfjarkynja í heiminum í útrýmingarhættu og íslenska mjólkurkýrin gæti orðið eitt þeirra ef ekki verður hugað markvisst að verndun hennar.

Íslensku landnámskynin eru þjóðargersemar, ekki síst mjólkurkýrin sem skilar miklum og góðum afurðum, og miðað við þann ágæta árangur sem náðst hefur í ræktun og meðferð mjólkurkúna á fjölda búa í landinu er afurðasemi hennar fyllilega sambærileg þeirri sem almennt gerist í öðrum kynjum að teknu tilliti til stærðar, þunga og fóðurnotkunar.

Reyndar hentar íslenska mjólkurkýrin, líkt og önnur landnámskyn, sérlega vel til sjálfbærra búskaparháttar, svo sem lífrænnar framleiðslu. Besta leiðin til að vernda búfjarkyn er að nýta þau til landbúnaðarframleiðslu og því er brýnt að gera verndunaráætlun um íslensku mjólkurkúna og bæta markvisst þá eiginleika hennar sem helst er talin þörf á að bæta miðað við nútíma búskaparhætti. Reyndar þarf að gera verndunaráætlanir fyrir öll íslensku landnámskynin.

Forystufjarræktarfélag Íslands bendir á að mikill, almennur stuðningur hefur komið fram meðal þjóðarinnar á seinni árum við verndun landnámskynjanna, sérstaklega hvað varðar íslensku mjólkurkúna. Verndun kúakynsins, og annarra landnámskynja, er reyndar ekki einkamál bænda. Félagið mælir eindregið með samþykkt framangreindrar þingsályktunartillögu og tekur jafnframt undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með henni.

Virðingarfyllt,  
f.h. Forystufjarræktarfélags Íslands  
  
Olafur R. Dýrmanndsson  
Jóruseli 12  
109 Reykjavík